

Þriðjudagurinn 6. júlí 1999 kl. 14:00

129. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 21/1999

**Erindi Lyfjaeftirlits ríkisins vegna auglýsinga  
Heildarnæringar ehf. á fæðubótarefninu Naten**

**I.**

**Erindið**

Í erindi Lyfjaeftirlits ríkisins til Samkeppnisstofnunar, dags. 30. október 1998, er þess óskað að stofnunin taki til athugunar hvort auglýsing á fæðubótarefninu Naten, áletrun á umbúðir þess og önnur gögn sem fylgja vörunni, brjóti í bága við samkeppnislög nr. 8/1993. Tilefni erindisins er auglýsing á fæðubótarefninu Naten sem birtist í Morgunblaðinu 30. október. Þar segir m.a. um Naten: „100% hreint, lifrænt náttúruæfni og þú þarfnast engra annarra vítamína eða fæðubótarefna!“ og „Naten er nóg!“.

Þá segir í erindinu að Lyfjaeftirlitinu hafi borist formleg beiðni um athugun á áletrunum sem fram koma á umbúðum Naten. Þar er vísað til þess sem segir um notkun: „Við síþreytu, streitu, magnleysi, afkastarýrnun, einbeitingarskort, svefnleysi, bólgum (innvortis), kyndeyfð, hægðatruflunum og blöðruhálskirtli.“

**II.**

**Málsmeðferð**

**1.**

Hinn 11. nóvember 1998 var erindið sent til umsagnar. Svar barst frá Heildarnæringu ehf., dags. 16. desember 1998. Í svarinu segir að fæðubótarefnið Naten sé 100% náttúrulegt efni. Efnið sé samsett úr afurðum býflugnabúsins, drottningarhunangi, blómafrjókornum og propolis. Þá segir í svarinu: „Í dreifingarbæklingi fyrirtækis míns segir að í Naten séu öll næringarefni sem líkaminn þarfnast og sá sem taki Naten þurfi ekki önnur fæðubótarefni. Bréfi þessu fylgir einnig ítarleg innihaldslýsing sem unnin var

af Southern Testing and Research Laboratories, INC, North Carolina í Bandaríkjunum. Innihald hverrar tegundar af þremur gerðum taflna í Naten var brotið niður og vandlega sundurgreint miðað við mg í hverjum 100 g. Eins og sjá má af innihaldslýsingunni er í öllum þremur gerðum Natens öll þekkt vítamín, steinefni, amínó- og fitusýrur í mismiklu magni sem nýtast líkamanum við meltingu og niðurbrot næringarefna í meltingarveginum...

Á Naten stauknum stendur að fæðubótarefnið Naten sé við ákveðnum sjúkdómum. Athygli Samkeppnisstofnunar er vakin á því að þessir sjúkdómar eru allir að einhverju leyti raktir til skorts á ákveðnum næringarefnum og því óhætt að fullyrða að regluleg inntaka þeirra tilteknu næringarefna mun á einhvern hátt verða til bóta. Má í því sambandi nefna að E-vítamín dregur úr einkennum hjá blöðruhálskirtilssjúklingum, B-12 hefur gagnast við þunglyndi og svefnleysi, A-vítamín, öll B-vítamín, járn og sink gagnast við einbeitingaskorti og að magnleysi, afkastarýrnun og streita eru gjarnan tengd óhollu mataræði og almennum skorti á næringarefnum. Við bendum á að hvergi í auglýsingum fyrirtækisins er fullyrt að Naten lækni eða nýtist sem lyf við ákveðnum sjúkdómum. Einungis er fullyrt að efnið geti komið að gagni í ákveðnum tilfellum sérstaklega þegar um er að ræða sjúkdóma sem gjarnan tengjast efnaskorti.“

Með svarinu fylgdi innihaldslýsing og efnagreining á Naten frá Southern Testing and Research Laboratories Inc.

## 2.

Athugasemdir Lyfjæftirlitsins við framangreindu bréfi Heildarnæringar eru dagsettar 18. janúar 1999. Þar segir að Lyfjæftirlitið geti ekki séð að færðar hafi verið sönnur á fullyrðingarnar: „100% hreint lífrænt náttúru efni“ og „þú þarfnast engra annarra vítamína eða fæðubótarefna“. Þá segist Lyfjæftirlitið ekki hafa neinar upplýsingar um fyrirtækið Southern Testing and Research Laboratories Inc., eða hvort sú efnagreining sem fylgi athugasemdunum eigi við eina tiltekna lotu vörunnar eða hvort varan sé alltaf eins. Þá segir í bréfinu:

„Hvað varðar það sem í athugasemdunum segir um að varan sé við ákveðnum sjúkdómum, vill Lyfjæftirlit ríkisins benda á:

1. 22. gr. (sic) læknalaga nr. 53/1988.
2. 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

3. 4. gr. reglugerðar nr. 684/1997 um markaðsleyfi náttúrulyfja, sem sett er með stöð í lyfjalögum nr. 93/1994.

*Því er með öllu óheimilt að halda fram fullyrðingum um lækningamátt, svo sem gert er á Naten stauknum. Í athugasemdunum er fullyrt að sjúkdómarnir séu allir að einhverju leyti raktir til skorts á ákveðnum næringarefnum. Engin rök eru færð fyrir þessum fullyrðingum, en áréttað skal að þar sem um er að ræða almenna vöru, er óheimilt að halda því fram að hún hafi lækningarmátt, fyrirbyggi sjúkdóma eða lini sjúkdómseinkenni. “*

### 3.

Framangreint bréf Lyfjaeftirlitsins var sent Heildarnæringu til umsagnar. Svar barst frá Gísla Guðna Hall hdl. fyrir hönd Heildarnæringar, með bréfi dags. 22. febrúar sl. Þar er því mótmælt að Heildarnæring hafi gerst brotleg við ákvæði læknalaga nr. 53/1988 og reglugerð um markaðsleyfi náttúrulyfja nr. 684/1997. Þá er bent á að skv. 1. gr. framangreindrar reglugerðar taki hún m.a. ekki til fæðubótarefna og þurfi Heildarnæring því ekki markaðsleyfi fyrir vörunni skv. 4. gr. reglugerðarinnar. Þá segir að Heildarnæring telji að það falli fyrir utan verksvið samkeppnisyfirvalda að taka afstöðu til meintra brota gegn lækna- og/eða lyfjalögum. Þá segir í bréfinu:

*„Í bréfi Lyfjaeftirlitsins frá 18. janúar 1999 segir að eftirlitið fái ekki séð að færðar hafi verið sönnur á tvær fullyrðingar, þ.e. annars vegar „100% hreint lífrænt náttúruæfni“ og hins vegar „Þú þarfnast engra annarra vítamína eða fæðubótarefna“. Þetta kemur umbj. m. á óvart, því með bréfi hans 16. desember sl. fylgdi hjálagað sem auðveld sönnun ítarleg greining á því úr hverju Naten væri samsett. Órökstudda fullyrðingu Lyfjaeftirlitsins er því ekki hægt að taka alvarlega. Það er engin röksemd að Lyfjaeftirlitið hafi engar upplýsingar um það fyrirtæki, sem framkvæmdi greininguna. Umbjóðanda mínum verður ekki kennt um þekkingu eða þekkingarleysi Lyfjaeftirlitsins. Dragi Lyfjaeftirlitið greininguna í efa vill þannig til að Lyfjaeftirlitið er einmitt sá aðili, sem ætti að vera þess umkominn að leiða það í ljós.*

*Í athugasemdum Lyfjaeftirlitsins segir að „varan sé við ákveðnum sjúkdómum.“ Verður hér helst séð að átt sé við að á umbúðum vörunnar kemur fram „Við síþreytu, streitu, magnleysi, afkastarýrnun, einbeitingarskort, bólgum (innvortis), kyndeyfð, hægðartruflunum og blöðruhálskirtli.“ Þessi atriði eru að mati umbj. m. ekki „ákveðnir sjúkdómar“. Þessi atriði fela ekki í*

*sér eiginlegan sjúkdóm í skilningi læknisfræðinnar, heldur tiltekið misalvarlegt ástand...“*

Þá er að lokum greint frá þeirri afstöðu Heildarnæringar að þeir sem taki reglubundið inn Naten þarfnist ekki frekari fæðubótarefna. Sem rök fyrir því er bent á að í læknisfræðinni sé ósannað að inntaka fæðubótarefna sé yfir höfuð nauðsynleg þeim sem borða reglulega venjubundna fæðu.

#### 4.

Bréf Heildarnæringar var sent Lyfjæftirliti ríkisins til umsagnar. Svar þess er dags. 17. mars sl. Þar er m.a. bent á 23. gr. læknalaga þar sem fram kemur að óheimilt sé að auglýsa lækningamátt drykkja, matvæla, neyslu- og nauðsynjavöru. Þá er vísað til skilgreiningar 5. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, á hugtakinu lyf, en þar sé lyf m.a. skilgreint sem hvers kyns efni eða efnasambönd, lífræn eða ólífræn, sem notuð séu til lækninga, fróunar eða varnar gegn sjúkdómum eða sjúkdómseinkennum í mönnum eða dýrum sbr. 1. gr. tilskipunar 65/65/EBE. Notkunarviðið sé hugtaksatriði í skilgreiningunni. Fyrirfram teljist efni því almennt ekki lyf ef notkunarviðið er annað en fram kemur í skilgreiningunni. Efni eða efnasambönd sem undir venjulegum kringumstæðum teljist til náttúruvara eða fæðubótarefna flokkist því sem lyf ef þeim er ætluð sú notkun er fram kemur í skilgreiningu 5. gr. lyfjalaga á hugtakinu lyf. Sé vara markaðsett með þeim hætti að notkunarvið hennar falli að skilgreiningu lyfjahugtaksins, beri því að fara að þeim reglum sem gilda um markaðssetningu lyfja og um markaðsleyfi fyrir lyf, sbr. reglugerðir 465/1995, 582/1995 og 684/1997.

Þá segir í bréfinu:

*„Þannig þarf skv. 4. gr. reglugerðar nr. 684/1997, markaðsleyfi náttúrulyfs fyrir náttúruvöru sem er markaðssett eða auglýst á þann hátt að ljóst sé, að viðkomandi vara sé ætluð til lækninga, fróunar eða varnar gegn sjúkdómum eða sjúkdómseinkennum í mönnum eða dýrum...“*

*Dreifingaraðila náttúruvöru (almennrar vöru), ber að fara að gildandi reglum m.a. hvað varðar hömlur á tilteknar auglýsingar. Læknalögin banna þannig auglýsingar drykkja, matvæla, neyslu- og nauðsynjavara, þar sem kveðið er á um lækningarmátt sbr. 23. gr. læknalaga... Í reynd er ákvæði læknalaga ætlað til að stemma stigu við því að notendum/sjúklingum séu gefnar falskar vonir um bata. Svo markaðssetja megi vöru sem lyf, þarf varan að fá markaðsleyfi sem*

*um lyf væri að ræða að undangengnum viðtækum rannsóknum, viðurkenndum af heilbrigðisyfirvöldum...*

*Ætla má að sú markaðssetning sem viðhöfð er í umræddu tilviki skerði samkeppnisstöðu annarra dreifingaraðila náttúruvöru eða fæðubótarefna (almennrar vöru), er halda sig innan þeirra reglna sem gilda um dreifingu og markaðssetningu þessarar vöru svo og dreifingaraðila lyfja þ.m.t. náttúrulyfja. Gera þarf sömu kröfur til markaðssetningar annars vegar þeirra er lagt hafa í kostnaðarsamar rannsóknir og fengið hafa markaðsleyfi fyrir efni eða efnasambönd, lífræn eða ólífræn, er teljast lyf í skilningi 5. gr. lyfjalaga og hins vegar þeirra er gefa til kynna (með auðkenningu) að tiltekin efni eða efnasambönd, lífræn eða ólífræn hafi lækningarmátt, þ.e. til lækninga, fróunar eða til varnar gegn sjúkdómum eða sjúkdómseinkennum. Í báðum tilvikum er sjúklingum gefnar vonir um bata eða vonir um að viðkomandi efni eða efnasambönd fyrirbyggi tiltekna sjúkdóma eða sjúkdómseinkenni. Sé hins vegar í síðara tilvikinu um náttúruvöru að ræða er óheimilt skv. 23. gr. læknalaga að auglýsa þá vöru með þeim hætti er að framan er lýst, nema að fengnu markaðsleyfi fyrir náttúrulyf... Lyfjaeftirliti ríkisins er ókunnugt um að fyrir liggi rannsóknir, samskonar þeim er leggja þarf til grundvallar veitingu markaðsleyfa lyfja, viðurkenndar af heilbrigðisyfirvöldum, að baki fullyrðingunum, er gefa tilefni til að ætla að varan hafi þann lækningarmátt sem hún er sögð hafa.“*

Þá mótmælir Lyfjaeftirlitið því að þau atriði sem fram koma á umbúðum vörunnar séu ekki sjúkdómar og leggur fram dæmi úr sérlyfjaskrá því til stuðnings.

## 5.

Bréf Lyfjaeftirlits ríkisins var sent lögmanni Heildarnæringar til umsagnar. Svar hans er dagsett 30. mars 1999. Þar er ítrekuð sú skoðun að að það falli utan verksviðs samkeppnisyfirvalda að taka afstöðu til meintra brota gegn lækna- og/eða lyfjalögum. Valdsvið samkeppnisyfirvalda takmarkist af 5. gr. samkeppnislaga. Þá er ítrekað að Heildarnæring hafi ekki á nokkurn hátt auglýst lækningarmátt Naten. Ekki hafi verið auglýstur lækningamáttur gegn sjúkdómum, heldur fæðubótin og hollustan. Lyf séu gegn tilteknum sjúkdómum og um kaup og sölu þeirra gildi sérstakar reglur. Hollusta sé annað og hún lúti almennt hvorki lækna- né lyfjalögum.

## 6.

Á fundi auglýsinganefndar, ráðgjafarnefndar samkeppnisráðs, þann 11. maí 1999, var mál þetta til umræðu. Fundinn sátu Atli Freyr Guðmundsson, Jóhannes Gunnarsson og Sólveig Ólafsdóttir. Ákveðið var að leita umsagnar Manneldisráðs um þetta mál.

Með bréfi, dags. 31. maí 1999, óskaði síðan Samkeppnisstofnun eftir umsögn Manneldisráðs um málið. Sérstaklega var óskað eftir álitum Manneldisráðs á eftirfarandi spurningum:

1. Með vísan til innihalds Naten, sbr. greiningu á innihaldi, er Naten 100% hreint, lífrænt náttúruæfni?
2. Miðað við innihald Naten þarfnast sá sem það tekur engra annarra vítamína eða fæðubótarefna?
3. Miðað við framangreint er „Naten nóg“?

Umsögn Manneldisráðs Íslands barst með bréfi dagsettu 10. júní sl. Þar kemur fram að Manneldisráð fjallaði um málið á fundi 8. júní sl. og var niðurstaða þeirrar umfjöllunar eftirfarandi:

1. *„Ekki er grundvöllur fyrir þeirri fullyrðingu að Naten sé 100% hreint lífrænt náttúruæfni. Engar upplýsingar fylgja um hreinleika vörunnar né vottun um lífræna ræktun innihaldsefna.*
2. *Miðað við efnagreiningar á næringarefnum í 100 g af Naten 1, 2 og 3, er ljóst að dagskammtur af vörunni veitir aðeins lítið brot af ráðlögðum dagskammti (RDS) flestra nauðsynlegra næringarefna. Að vísu er hvergi tekið fram í meðfylgjandi gögnum hve mörg grömm eru í einni töflu af Naten og því er ekki hægt að reikna nákvæmlega hve mikið er af næringarefnum í hverri töflu. Sé miðað við að hver tafla sé 1 gramm, en það er algeng stærð á slíkum töflum, er magn flestra nauðsynlegra næringarefna í dagskammti hverfandi lítið, og í engu tilviki nálægt ráðlögðum dagskammti. Magn fólafíns er þannig 0,0006% af RDS, C-vítamín er einnig 0,0006% af RDS, en E-vítamín er 13% af RDS. Raunar er bætiefnastyrkur í Naten það rýr að ef um matvæli væri að ræða mætti ekki einu sinni merkja flest bætiefnin á umbúðir vörunnar. Neysla á Naten fæðubótarefni kemur því að litlu gagni sem bætiefnagjafi og fjölmargar almennar fæðutegundir eru mun auðugri af næringarefnum. Fráleitt er að halda því fram að sá sem tekur Naten þurfi engin önnur vítamín eða fæðubótarefni.*

### 3. Í ljósi ofangreinds er Naten síður en svo nóg.

*Það er álit Manneldisráðs að fullyrðingar um fæðubótarefnið Naten séu í engu samræmi við rýrt næringargildi vörunnar.*“

### 7.

Umsögn Manneldisráðs var send lögmanni Heildarnæringar til athugasemda. Þær bárust með bréfi dagsettu 28. júní 1999. Þar segir:

*„Vegna framkominnar umsagnar vill umbjóðandi minn taka fram að um leið og hann fékk vitnesku um erindi Lyfjaeftirlits ríkisins til Samkeppnisstofnunar stöðvaði hann frekari birtingu umræddra auglýsinga. Athugasemdir hans hingað til hafa einkum beinst að tilvísunum til lyfjalaga og læknalaga.*

*Umbjóðandi minn telur að í umsögn Manneldisráðs sé auglýsing umbj. m., þ.e. „100% hreint lífrænt náttúruæfni og þú þarfnast engra annarra vítamína eða fæðubótarefna! Naten er nóg!“ skilin of bókstaflega. Það var ekki ætlunin með auglýsingunni að halda því fram að hægt væri að lifa á Naten einu saman, heldur væri taka þess viðbót við venjubundnar matarvenjur. Það var ekki ætlunin að halda því fram að í Naten væri ráðlagður dagskammtur (RDS) af öllum nauðsynlegum bætiefnum, enda samanstendur dagskammtur af Naten einungis af þremur mismunandi töflum. Þá getur umbj. m. ekki látið hjá líða að benda á að það er ekkert sem heitir RDS sem staðall fyrir alla. Til þess eru einstaklingarnir einfaldlega alltof misjafnir, engir tveir menn eru eins og hver og einn hefur sínar þarfir.*

*Að því er varðar hreinleika og lífræna ræktun Natens, þá lætur Manneldisráð nægja að taka fram að ekki liggi fyrir vottun um að svo sé. Ekki er reynt að halda því fram að staðhæfing um þetta sé röng. Þetta er atriði sem umbj. m. hefur staðreynt sjálfur með könnun á framleiðslunni. Hann hefur ekki talið sig þurfa vottun framleiðandans um þetta og hennar hefur aldrei verið óskað.*

*Umbj. m. hefur haft til skoðunar nýlegar ákvarðanir samkeppnisyfirvalda í „sambærilegum“ málum. Í þeim kemur skýrt fram að 21. gr. samkeppnislaga er túlkuð strangt auk þess sem af þeim má leiða þá reglu að auglýsandinn beri sönnunarbyrðina fyrir því að fullyrðingar, sem notaðar eru í auglýsingum, séu réttar. Vegna þessa og með hliðsjón af umsögn Manneldisráðs felst umbj. m. á að honum hafi ekki verið stætt á að auglýsa Naten sem að „... þú þarfnast engra annarra vítamína eða fæðubótarefna! Naten er nóg!“.* Auglýsinguna

*megi auðveldlega skilja með þeim hætti sem Manneldisráð gerði, þó svo að umbj. m. hafi ekki haft þann skilning í hyggju. Með vísan til þessa er umbj. m. tilbúinn að sættast á þau málalok við Samkeppnisstofnun.“*

### III.

#### Álit auglýsinganefndar

Mál þetta var aftur rætt á fundi auglýsinganefndar þann 1. júlí 1999. Mætt voru Sólveig Ólafsdóttir og Jóhannes Gunnarsson. Atli Freyr Guðmundsson tók þátt í afgreiðslu fundarins símleiðis. Niðurstaðan var eftirfarandi:

*„Í auglýsingum á Naten segir m.a.: „100% hreint, lífrænt náttúruæfni“. Auglýsinganefnd vekur athygli á að lög, nr. 162/1994, um lífræna landbúnaðarframleiðslu og reglugerðir settar skv. þeim lögum setja skilyrði fyrir því hvaða vara teljist lífræn og hver ekki. Vara sem uppfyllir slík skilyrði getur fengið vottun þar til bærrar vottunarstofu. Vottun er þannig formleg staðfesting á því að vara sé framleidd í samræmi við ákvæði laga og reglugerða. Slík vottun liggur ekki fyrir um Naten. Staðhæfing Heildarnæringar um að fyrirtækið hafi sjálft staðreynt að framleiðslan sé lífræn er að mati auglýsinganefndar ekki nægjanleg til að hægt sé að fullyrða í auglýsingum eða á umbúðum að Naten sé lífrænt fæðubótarefni. Þar til vottun um lífræna framleiðslu liggur fyrir telur auglýsinganefnd að slíkar fullyrðingar séu villandi og brjóti gegn ákvæðum 21. gr. samkeppnislaga.*

*Í auglýsingum á Naten segir m.a.: „...þú þarfnast engra annarra vítamína eða fæðubótarefna!“. Með vísan til umsagnar Manneldisráðs og þess að í framhaldi af henni hefur Heildarnæring fallist á að fyrirtækinu hafi ekki verið stætt á að auglýsa Naten með þessum hætti telur auglýsinganefnd ekki ástæðu til frekari aðgerða vegna þessa atriðis.*

*Í auglýsingum á Naten segir m.a.: „Naten er nóg!“. Auglýsinganefnd telur að slík fullyrðing gefi neytendum vísbendingu um að Naten fullnægi bætiefnaþörf líkamans. Miðað við það sem fram hefur komið í máli þessu, og með vísan til umsagnar Manneldisráðs, telur auglýsinganefnd að staðfest sé að Naten er ekki nóg. Fullyrðingin er því villandi og brýtur gegn ákvæðum 21. gr. samkeppnislaga.*



Á umbúðum Naten segir: „Notkun: Við síþreytu, streitu, magnleysi, afkastarýrnun, einbeitingarskort, svefnleysi, bólgum (innvortis), kyndeyfð, hægðartruflunum og blöðruhálskirtli.“ Auglýsinganefnd telur að þetta orðalag gefi til kynna að inntaka á Naten hafi áhrif á þá þætti heilsu manna sem þarna eru upptaldir. Auglýsinganefnd telur að Heildarnæring hafi ekki sýnt fram á með hlutlausum hætti að Naten hafi þessi áhrif og meðan svo er telur auglýsinganefnd óvarlegt að halda slíku fram eins og gert er á umbúðum Naten. Auglýsinganefnd telur því að þarna sé um ósannaðar fullyrðingar að ræða og þær brjóti í bága við ákvæði 21. gr. samkeppnislaga.

Með vísan til framangreinds leggur auglýsinganefnd til við samkeppnisráð að framangreindar fullyrðingar um fæðubótarefnið Naten verði bannaðar þar sem þær brjóti í bága við ákvæði 21. gr. samkeppnislaga.“

#### IV.

#### Niðurstöður

##### 1.

Á fundi samkeppnisráðs, þann 6. júlí 1999, var ákvörðun tekin í þessu máli. Fundinn sátu Brynjólfur Sigurðsson, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Einar S. Hálfánarson.

##### 2.

Í máli þessu eru til umfjöllunar auglýsingar Heildarnæringar á fæðubótarefninu Naten sem og upplýsingar á umbúðum efnisins.

21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 hljóðar svo:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.

Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.“

Samkeppnisráð er sammála því álitu auglýsinganefndar að ekki hafi verið færðar fullnægjandi sannanir á að Naten sé lífrænt fæðubótarefni. Þá hefur Heildarnæring fallist á að ekki séu rök fyrir að fullyrða að sá sem taki Naten þarfnist engra annarra vítamína eða fæðubótarefna eins og gert hefur verið í auglýsingum á Naten. Miðað við framangreint, og með vísan til umsagnar Manneldisráðs um innihald Naten, telur samkeppnisráð að fullyrðingin „*Naten er nóg!*“ sé villandi. Jafnframt telur samkeppnisráð að ósannað sé að Naten hafi þau áhrif á líkamsstarfsemi sem gefin eru til kynna á umbúðum vörunnar.

Jafnframt bendir samkeppnisráð á að Naten er náttúruvara eða fæðubótarefni. Skv. álitu Lyfjaeftirlitsins eru auglýsingar þess efnis að vara geti haft áhrif á heilsu manna óheimilar þegar aðrar vörur en lyf og náttúrulyf eru auglýstar, sbr. VI. kafla lyfjalaga nr. 93/1994 og reglugerð nr. 684/1997 um markaðsleyfi náttúrulyfja. Þá segir í 23. gr. læknalaga að bannað sé að auglýsa lækningamátt drykkja, matvæla, neyslu- og nauðsynjavara og annars.

Að mati samkeppnisráðs eru framangreindar fullyrðingar í auglýsingum á Naten, sem og á umbúðum efnisins, brot gegn ákvæðum 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Eins og að framan greinir hefur Heildarnæring viðurkennt að fyrirtækinu hafi ekki verið stætt á að auglýsa að sá sem taki Naten þarfnist „*engra annarra vítamína eða fæðubótarefna*“. Samkeppnisráð telur því ekki ástæðu til að aðhafast frekar hvað þetta atriði varðar. Þar sem afstaða Heildarnæringar til annarra atriða sem kvartað var yfir virðist enn í andstöðu við skoðun samkeppnisyfirvalda telur samkeppnisráð nauðsyn á að að úrskurða um þau atriði.

## V.

### Ákvörðunarorð:

**„Fullyrðingar Heildarnæringar ehf., Þjóttuseli 3, Reykjavík, um fæðubótarefnið Naten sem fram koma í auglýsingum, þ.e. „Naten er nóg!“ og að Naten sé lífrænt fæðubótarefni, ásamt þeim upplýsingum sem fram koma á umbúðum vörunnar um að Naten hafi áhrif á heilsu manna, fara gegn ákvæðum 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.“**